



Umsögn
miðstjórnar ASÍ um tillögu Verkalýðsfélags Vestfirðinga
um fjárfestingar lífeyrissjóða í fyrirtækjum sem borga ofurbónusa til stjórnenda og
óhóflegar arðgreiðslur til eigenda

Tillaga Verkalýðsfélags Vestfirðinga fyrir 43. þing ASÍ felst í að beina þeim tilmælum til fulltrúa launafólks í stjórnnum lífeyrissjóðanna að þeir beiti sér fyrir því að lífeyrissjóðir fjárfesti ekki í fyrirtækjum sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda og minnki verulega eignarhald sitt í slíkum fyrirtækjum. Jafnframt að lífeyrissjóðirnir dragi úr viðskiptum við þau fyrirtæki sem greiða ofurbónusa og óhóflegar arðgreiðslur út til eigenda.

Stefna Alþýðusambands Íslands er að hafna ofurbónusum og óhóflegum arðgreiðslum til eigenda. Fyrir 43. þingi ASÍ liggja drög að stefnuyfirlýsingu sem áréttar kröfu verkalýðshreyfingarinnar um samfélag réttlátrar tekjuskiptingar, jafnra tækifæra og jafnaðar og heilbriggt atvinnulíf. Ofurbónusar og óhóflegar arðgreiðslur til eigenda ganga þvert gegn þessum markmiðum og góðu siðferði og sjálfbærni í atvinnulífinu.

Mikilvægt er að fulltrúar launafólks í lífeyrissjóðunum vinni í samræmi við stefnu verkalýðshreyfingarinnar. Miðstjórn ASÍ styður meginefni tillögu Verkalýðsfélags Vestfirðinga og þær áherslur sem þar eru settar fram. Um leið er mikilvægt að útfæra efnið frekar og skýra, þannig að það geti betur verið leiðsögn fyrir fulltrúa launafólks í stjórnnum lífeyrissjóðanna í starfi þeirra.